



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 24. mars 2025

MSS25010159

MINNISBLAÐ

Varðandi tillögu fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða um kennslu í fjármálalæsi í grunnskólum Reykjavíkur.

Á fundi borgarstjórnar þann 24. janúar 2025 var lögð fram svohljóðandi tillaga Mörtu Maier, fulltrúa ungmennaráðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að gera fjármálalæsi að skyldufagi í öllum 8.-10. bekkjum í grunnskólum í Reykjavík eigi síðar en frá og með hausti 2026. Greinargerð fylgir tillögunni. Vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Greinargerð fylgdi.

Umsögn:

Í endurskoðaðri aðalnámskrá grunnskóla frá 2024 er fjármálalæsi ekki talið sérstakt námssvið eða námsgrein. Hins vegar er fjármálalæsi talið upp sem hluti af hæfniviðmiðum í stærðfræði, heimilisfræði og samfélagsgreinum við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Í kaflanum *Tölur og reikningar* í stærðfræði kemur fram að við lok 10. bekkjar eigi nemendur „að hafa þá hæfni að geta nýtt sér helstu hugtök fjármála í tengslum við eigin fjármál, svo sem launagreiðslur, skatta og fjárfestingar“. Í heimilisfræði í kaflanum *Lífshættir* eiga nemendur „að geta greint helstu þætti sem hafa áhrif á útgjöld við heimilishald, sýnt nýtni og hagsýni í anda neytendavitundar og sjálfbærni“. Í samfélagsfræði í kaflanum *Sjálfsmynd* eiga nemendur við lok 10. bekkjar „að geta gert grein fyrir hvernig þarfir, langanir og hegðun móta fjárhagslega stöðu einstaklinga og tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu“. Sjá má af þessu að fjármálalæsi skipar veigamikinn sess í námi nemenda þó greinin sé ekki sjálfstæð kennslugrein enn sem komið er.

Skóla- og frístundasvið hefur undanfarin ár, árin 2020 og 2023, lagt könnun fyrir stjórnendur grunnskóla þar sem spurt er um fyrirkomulag kennslu og námsefni í fjármálalæsi í grunnskólum. Sviðið mun halda áfram að fylgjast með málefnum og mun næsta könnun verða lögð fyrir í maí 2025.

Skóla- og frístundasvið hefur um langa hríð lagt áherslu á endurmenntun kennara í fjármálalæsi. Á hverju ári hefur endurmenntun verið í boði fyrir kennara bæði á vegum



Reykjavík



sviðsins sem og í samstarfi við Opna háskólann. Áfram verður verður unnið að virkri endurmenntun kennara í grunnskólum í fjármálalæsi.



Reykjavík